

Environice  
Hrafnhildur Tryggvadóttir  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes

Reykjavík, 4. september 2014  
Tilvísun: 201403050 / 5.2

---

## Efni: Efnistaka úr Hörgá í Hörgársveit. Ákvörðun um matsáætlun.

---

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun um allt að 795.000 rúmmetra efnistöku úr Hörgá í Hörgársveit.

Environice sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 20. júní 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

### Hörgá Hörgársveit, efnistaka. Hörgá sf. Environice, júní 2014.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hörgársveit, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hörgársveit með bréfi dags. 25. ágúst 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 12. ágúst 2014, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 12. ágúst 2014, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 15. júlí 2014, Minjastofnun Íslands dags. 3. júlí 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. júlí 2014 og Vegagerðinni með tölvupósti dags. 7. júlí 2014. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 4. júlí og 27. ágúst 2014.

### NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Environice að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Environice setti fram í tölvupóstum dags. 4. júlí og 27. ágúst 2014 og með eftirfarandi athugasemdum.

### Forsendur framkvæmda

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að markmið framkvæmdanna sé fyrst og fremst að draga úr landbroti. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvar landbrots gæti af völdum árinna.

## Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í umsögn Fiskistofu er bent á að efnistaka á einum stað í Hörgá geti haft áhrif annars staðar í ánni. Í því ljósi telur Skipulagsstofnun brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir og lagt mat á þá hættu sem hrygningar- og veiðisvæði geti orðið fyrir vegna efnistöku á nálægum svæðum. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir því hvernig komið verði í veg fyrir að veiði- og búsvæði fiska skerðist vegna efnistökkunnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vitnað í grein sem fjallar um ójafnvægi og ósjálfbærni efnistöku úr farvegum. Skipulagsstofnun telur brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvernig unnt er að ráðast í efnistöku og varnir gegn landbroti án þess að skerða veiði eða uppeldisskilyrði fisks í Hörgá.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vistkerfi árinna verði stuðst við búsvæðamat Veiðimálastofnunar, þar sem komi fram kortlagning Veiðimálastofnunar á ánni og ákjósanlegustu búsvæða bleikjuseiða. Einnig verði leitað til Veiðifélags Hörgár um helstu veiðistaði, veiðitölur og fleira sem varði lífsskilyrði bleikju og að auki verði leitað álits Veiðimálastofnunar um efnistökkuna. Með vísan í umsagnir Fiskistofu og Umhverfisstofnunar þá telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu verði bæði að koma fram mat á þeim beinu áhrifum sem efnistakan kann að hafa í för með sér á vistkerfi árinna á efnistökusvæðunum sjálfum. Einnig þarf að gera grein fyrir óbeinum áhrifum sem efnistakan með tilheyrandi breytingum á rennsli árinna mun geta haft í för með sér á vistkerfi árinna á svæðum utan þeirra.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra um nauðsyn þess að tryggt verði að framkvæmdirnar spilli ekki vatnsbólum. Nauðsynlegt er að gera ítarlega grein fyrir áhrifum efnistökkunnar á öryggi neysluvatns og gera grein fyrir því hvort efnistakan kunni að rýra magn þess eða gæði og hvort hún kalli á nýja afmörkun vatnsverndarsvæða.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands um nauðsyn þess að fornleifar verði sýndar á uppdrætti þar sem afstaða þeirra til framkvæmdasvæðisins kemur fram. Í ljósi ábendinga Minjastofnunar er brýnt að gera grein fyrir því hvernig og hvenær var unnið því að hnitsetja minjar á uppdrætti. Jafnframt verður að gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum vegna fornleifa.

Í umsögn Vegagerðarinnar var bent á nauðsyn þess að hafa samráð við stofnunina vegna tenginga við þjóðvegi, útfærslu þeirra og staðsetningu. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að greina frá helstu flutningsleiðum frá efnistökusvæðum og gera sérstaka grein fyrir því ef ráðgert er að bæta við nýjum tengingum við þjóðvegi.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 getur framkvæmdaraðili kært ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. október 2014.

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Hörgársveit, Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landgræðsla ríkisins, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.